

# Reglugerð

fyrir Orlofssjóð Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, skammstafað FVSA.

## 1. grein: Nafn sjóðsins og heimili

1.1 Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.

1.2 Orlofssjóður FVSA er eign FVSA. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

## 2. grein: Tilgangur sjóðsins

2.1 Tilgangur sjóðsins er að auðvelda félagsmönnum FVSA að njóta orlofs, koma upp og reka orlofsheimili fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra og styrkja félagsmenn til orlofsdvalar og orlofsferða innanlands sem utan. Að kaupa eða byggja orlofshús eða íbúðir fyrir eigin reikning.

## 3. gr. Tekjur sjóðsins

3.1 Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma.

3.2 Húsaleigutekjur vegna orlofshúsa og íbúða í eigu sjóðsins.

3.3. Vaxtatekjur.

3.4 Gjafir, framlög og styrkir.

## 4. grein: Stjórn og rekstur

4.1 Stjórn FVSA er jafnframt stjórn Orlofssjóðs og annast fjárreiður hans.

4.2 Stjórnin tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna.

4.3 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa FVSA.

4.4 Orlofssjóður FVSA greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

## 5. grein: Ávöxtun sjóðsins

5.1 Orlofssjóð skal ávaxta skv. 23. gr. laga FVSA

## 6. grein: Greiðslur úr sjóðnum og leigufyrirkomulag

6.1 Stjórn sjóðsins ákveður úthlutunarreglur sumarhúsa og annarra hlunninda sem félagsmönnum stendur til boða.

## 7. gr. Ársreikningur og endurskoðun

7.1 Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum FVSA og skal hann endurskoðaður með sama hætti og aðrir sjóðir FVSA.

7.2 Ársreikning sjóðsins skal leggja fram áritaðan af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins

## 8. gr. Sjóðurinn lagður niður

8.1 Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun er tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagssjóð FVSA.

## 9. gr. Breytingar á reglum sjóðsins

9.1 Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi FVSA og fer með slíkar breytingar eins og um breytingar á lögum FVSA væri að ræða sbr. 24. gr. laga FVSA.

Þannig samþykkt á aðalfundi FVSA þann 22.02.2016.